

1. Heitasta slúðrið í Njálu:

- Hvaða konur eignast Skarphéðinn, Grimur og Helgi og hvað er á þeim að græða? (k. 25- k. 26)
- Hvernig kynnast Gunnar og Hallgerður?

2. Atgeir Gunnars:

- Hvernig eignaðist Gunnar atgeir? (k. 30)
- Hvað var sérstakt við þetta vopn?
- Finnið mynd af þessu vopni og skellið inn í skjalið.

3. Myndasaga:

- Gerið myndasögu (a.m.k. 4-5 ramar) sem lýsir atburðarás 33. kafla.
- Notið bæði myndir og texta.

4. Frétt um Þráinn, Þorgerði og Þórhildi:

- Hver er Þráinn Sigfússon og hvernig varð hann tengdasonur Hallgerðar? Lýsið vandlega viðbrögðum Þórhildar skáldkonu, eiginkonu Þráins, og snúið „kviðling” hennar yfir á nútímamál (k. 34.)
- Fréttin á að vera um 200 orð.

(Athugið að í fréttum eiga fyrst að vera upplýsingar um aðalatriði: Hvað, hver, hvar, hvenær, hvers vegna og hvernig eitthvað gerðist – áður en farið er í ítarlegri umfjöllun. Finnið góða smellbeitu-fyrirsögn!



5. Forspá:

- Hvað segir Hrútur um trúlofun Gunnars?
 - i. Hvað merkja þessi orð?
- Hvað finnst Njáli um trúlofun Gunnars? (k. 33)
 - i. Ræðið viðbrögð Njáls og skrifið um 100 orða umfjöllun um hvað ykkur finnst um orð hans, hvers vegna þið teljið að hann segi þetta og hvort þið haldið að þau muni rætast.

6. Ástarljóð:

- Yrkið ljóð um ástarsamböndin í Njálu, sem þið þekkið
- Ljóðið þarf ekki að vera hefðbundið en það þarf að vera tvö til þrjú erindi, eða 8-12 ljóðlínur.